Álytun um orkumál

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 ætlar á árinu 2022 að standa fyrir því að tekið verði víðtækt samtal um framtíð orkunýtingarkosta á Vestfjörðum. Úr því samtali og þeirri vinnu verði kortlagðir þeir virkjunarkostir sem í boði eru á svæðinu. Nauðsynlegt er fyrir framleiðendur orkunnar að slík vinna sé unnin svo ekki komi til þess að óðagot verði í vali á orkunýtingarkostum þegar stöðum er fundið hlutverk eða þau friðuð.

Fjórðungssambandið og Vestfjarðarstofa stýri þessari vinnu í samráði við sveitarfélögin á svæðinu og Orkubú Vestfjarða og skili þessari vinnu af sér á Haustþingi árið 2022.

Ingimar Ingimarsson